

Foreldrafélag Glerárskóla

Fundur með bekkjaráðunum 23. september 2014

Mættir: Aníta, Brynja, Vilborg, Sigurlaug, og Líney. Einnig mættu 22 foreldrar á fundinn.

1. Brynja byrjaði á því að afhenda fundargestum blað þar sem fram koma hugmyndir hvað hægt er að gera með krökkunum.
2. Aníta bauð alla velkomna og fór yfir hlutverk bekkjaráðanna. Fínt að gera eitthvað tvennt fyrir áramót og tvennt eftir áramót. Mikilvægt að virkja hina foreldrana í bekkjunum, ekki sanngjarnt að fjórir foreldrar séu með heilan árgang í einhverja klukkutíma. Hafa samband við Vilborgu þegar vantar pening og hún millifærir á viðkomandi. Þarf ekki að kosta mikið, sniðugt að hafa t.d. einn viðburð sem kostar og annan sem kostar ekkert. Um að gera að nýta skólann og fá hann, hafa samband við Brynju eða Ómar húsvörð til að athuga með lausan tíma.
3. Bekkjaráðin ákveða dagskrá og senda á Brynju og eftir það fá bekkirnir peninginn, 500 krónur hvert barn. Bekkjaráðin skulu vera búin að skila inn dagskrá fyrir þriðjudaginn 30. september.
4. Aníta minnir á að ef bekkjaráðin noti ekki allan peninginn á skólaárinu fer afgangurinn til baka til foreldrafélagsins.
5. Jólaföndrið verður 22. nóvember kl. 10:00-13:00. Fundur með bekkjaráðunum verður í annari viku nóvembermánaðar, nánar auglýst síðar.
6. Breytingar verða á vorhátíðinni þar sem hún verður á skólatíma í samstarfi við skólann, einnig nánar auglýst síðar.
7. Aníta ræðir um fyrirlestra og mikilvægi þeirra. Biður fólk um að hafa áhrif á aðra foreldra að mæta. Ekki búið að ákveða næsta fyrirlestur sem foreldrafélagið mun bjóða upp á, verður auglýst þegar það er komið á hreint. Gæti verið í nafni Samtaka, nokkrir skólar að sameinast um fyrirlestra. Aníta fór aðeins inn á eineltisumræðuna og minnir á að við sem foreldrar höfum áhrif og þurfum að standa vörð um skólann okkar.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið, Líney Elíasdóttir